

Dreifibréf 4/2002/LS

Með hliðsjón af 77. gr. reglugerðar nr. 426/1997 um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir vill Lyfjastofnun áréttta að við alla meðferð á gögnum sem hafa að geyma persónuupplýsingar skal þess gætt að þær komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

Þegar opinber stofnun (Lyfjastofnun, Tryggingastofnun ríkisins, landlæknir), sem til þess hefur heimild, óskar eftir slíkum gögnum skulu þau send með tryggilegum hætti, í ábyrgðarpósti eða boðsend.

Þegar einstaklingur óskar eftir upplýsingum um lyfjasögu sína og/eða barna sinna vill Lyfjastofnun benda á að rétt til viðtöku á slíkum upplýsingum hefur aðeins viðkomandi einstaklingur eða forráðamaður hans og skal það staðfest með framvísun persónuskilríkja eða skriflegu umboði.

Lyfjastofnun